I. Til ríkisstjórnarinnar um innflutning véla og verkfæra.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Hvað ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir miklum innflutningi á þessu ári á vélum og tækjum, sem hér greinir:
1) hjóladráttarvélum og jarðyrkjutækjum,
2) heyvinnutækjum,
3) beltadráttarvélum?

II. Til ríkisstjórnarinnar um lækkun framfærsluvísitölu og niðurgreiðslu vöruverðs.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Um hve mörg stig lækkar framfærsluvísitalan vegna áhrifa laga um niðurfærslu kaupgjalds og verðlags?
2. Hvaða vörutegundir eru nú greiddar niður, og hve miklu nemur niðurgreiðslan á hverri vörutegund, miðað við kg eða lítra?
3. Hvað er áætlað að niðurgreiðsla á hverri vörutegund nemi miklu samtals á yfirstandandi ári?

III. Til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun lagaákvæða um menntun og réttindi vélstjóra.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Hvað líður endurskoðun þeirri á lagaákvæðum um menntun og réttindi vélstjóra, sem fyrir er mælt um í lögum nr. 47 10. júní 1958?